



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðun.  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2021

2102031SA KB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á sviði MRN (öflun sakavottorðs), S-55-2021**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).

Fyrirhugaðar breytingar ná til laga um leikskóla, nr. 90/2008, laga um grunnskóla, nr. 91/2008, laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, íþróttalaga, nr. 64/1998, æskulýðslaga, nr. 70/2007, laga um lýðskóla, nr. 65/2019, laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019, laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, laga um náms- og starfsráðgjaf nr. 35/2009 og laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Eins og segir í frumvarpinu er það liður í að auka öryggi viðkvæmra hópa í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstörfum, þá helst barna og ungmenna. Með frumvarpinu er verið að samræma lagaákvæði um ráðningarbann á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Kveðið er á um bann við ráðningu starfsfólks sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrotakafli). Þá kemur inn það nýmæli að hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir önnur brot skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, meðal annars að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Bannið tekur einnig til verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum á grundvelli laganna. Til að framfylgja því banni skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu. Að auki er gert ráð fyrir því nýmæli að vinnuveitanda sé heimilt að kalla eftir þessum upplýsingum einu sinni á ári til að tryggja að starfsmenn uppfylli skilyrði fyrir starfi. Viðkomandi starfsmaður mun alltaf vera upplýstur um þessa upplýsingaöflun þar sem vinnuveitandi þarf að óska eftir að viðkomandi leggi fram sakavottorð á ný eða óska eftir heimild viðkomandi til að kalla eftir endurnýjun á sakavottorði.

### **Afstaða sambandsins**

Líkt og fram kemur í frumvarpinu sendi sambandið erindi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem gerð var tillaga um fyrrgreindar breytingar á lögum um leik- og grunnskóla. Málið er til komið vegna ábendinga um að bagalegt sé að vinnuveitendur þeirra aðila sem starfa með börnum geti ekki aflað upplýsinga

úr sakaskrá nema við ráðningu. Þannig getur það komið til að starfsmenn brjóti af sér og fari á sakaskrá eftir ráðningu án þess að vinnuveitandi geti aflað upplýsinga um það. Sambandið er því mjög fylgjandi umræddum breytingum.

### Efnislegar athugasemdir

Í 6. gr. laga um leikskóla og 11. gr. laga um grunnskóla segir að um ráðningu skólustjóra og starfsmanna leik- og grunnskóla fari eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags, eftir því sem við á. Það getur því verið útfært með mismunandi hætti hjá sveitarfélögum hver fer með ráðningarvald umræddra starfsmanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, sbr. 1. og 2. gr., að leikskólustjóra eða grunnskólustjóra verði heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá. Að mati sambandsins væri eðlilegra að kveðið væri á um að sá sem fer með ráðningarvaldið hafi heimild til að afla þessara upplýsinga. Annars vegar þar sem það er ekki undantekningalaust skólustjóri sem fer með ráðningarvald annarra starfsmanna skólans og hins vegar svo ákvæðið nái einnig yfir ráðningar skólustjórnenda og unnt verði að afla upplýsinga úr sakaskrá vegna þeirra. Sama athugasemd á þá einnig við um 7. gr. frumvarpsins þar sem gerðar eru breytingar á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.

### Að lokum

Í kafla frumvarpsins um mat á áhrifum er tekið fram að fjárhagsáhrif fyrir ríkið séu óveruleg. Ríkið fái auknar tekjur vegna sakavottorða og að kostnaður falli á ríkisstofnanir, sveitarfélög félagasamtök og einkaaðila. Þá er jafnframt tekið fram að áhrif frumvarpsins verði kostnaðarmetin í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt upplýsingum sambandsins hafa sveitarfélög hingað til ekki þurft að greiða fyrir eiginleg sakavottorð í þessum tilfellum heldur er gefin út staðfesting á því að sakaferill sé ekki til staðar og er sú upplýsingagjöf gjaldfrjáls. Mikilvægt er að ekki verði breytingar á þeirri framkvæmd og tryggt verði að sveitarfélög geti áfram fengið umræddar upplýsingar frá Sakaskrá án þess að það komi til gjaldtöku.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri